

flutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 8 kr. til hvors.

Rekstur málsins fyrir undirrjetti og sókn og vörn í því við yfirdóminn hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera ó-raskaður. Allur af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málflytninglaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málflytningmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 8 kr. til hvors, greiðist af almanna-tje.

Nr. 25/1886

Sigfús Bjarnarson

gegn

Þorláki Bergsveinssyni.

D ó m u r :

Með skjali, dags. 22. febr. 1884, gaf hinn stefndi, Þorlákur bóndi Bergsveinsson, kaupmanni Eggert Gunnarssyni fullt og ótakmarkað umboð til þess, að útvega peningalán fyrir hans (Þorláks) hönd svo mikið sem fengist gegn fyrsta veðrjetti í eignarjörðum hans, 3 hndr. að fornu mati í Melum og 2 hndr. og 30 al. að fornu mati í Hafnareyjum, og jafnframt til þess fyrir hans hönd að útgefa og undirskrifa veðskuldabryjef fyrir peningaláninu. Með veðskuldabryjefi, útgefnu 22. marzmán. næst á eptir, veðsetti síðan Eggert Gunnarsson Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni tjeðar fasteignir, auk annara fleiri jarða, til tryggingar fyrir 2,500 kr., er hann játar

að hafa fengið að láni hjá Stefáni sýslumanni. Hinn 5. ágúst sama ár afhenti Stefán sýslumaður áfrýjandanum, Sigfúsi Bjarnarsyni, nefnt veðskuldabréf til fullkominnar eignar og umráða, en hann lét innrita það til þinglýsingar við varnarþing fasteignanna hinn 8. september næst á eftir, eftir að hann hinn 6. ágústmánaðar hafði sagt láninu upp til útborgunar með missiris fyrirvara. Þegar nú Eggert eigi greiddi skuldina á gjald-daga, kallaði Sigfús Bjarnarson hann fyrir sáttanefnd í Kaupmannahöfn, þar er þeir þá voru báðir, og gjörðist þá hinn 30. apríl 1885 með þeim svofelld sátt, að Eggert skyldi greiða Sigfúsi áminnzta 2,500 kr. með vöxtum og kostnaði innan 31. ágústmánaðar sama ár, og skyldi greiðslan fram fara á Ísafirði; en ef fjeð eigi yrði greitt á rjettum tíma, var Sigfúsi áskilinn rjettur til þess, að ganga að hinum veðsettu eignum, láta gjöra fjárnám í þeim án undanfarandi lögsóknar og dóms, og selja þær á uppboði til lúkningar á skuldinni. Nú gjörði Eggert eigi skil samkvæmt þessari sáttargjörð, og krafðist þá Sigfús fyrir fógetarjetti Dalasýslu, að fjárnám yrði gjört í hinum veðsettu eignum 2 hndr. 30 al. í Hafnareyjum og 3 hndr. í Melum fyrir 2,500 kr. með vöxtum og kostnaði samkvæmt veðskuldabréfinu 22. marz 1884 og sáttargjörðinni 30. apríl 1885; eigandi fasteignanna, Þorlákur Bergsveinsson, mótmælti fjárnámsgjörðinni, og úrskurðaði þá fógetarjetturinn hinn 29. júní f. á., að fjárnámsgjörðina bæri eigi að framkvæma. Þessum fógetaúrskurði hefur Sigfús Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. okt. f. á., og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að hið umbeðna fjárnám eigi fram

að ganga, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir fúgetarjettinum og fyrir yfirdómi, svo og bætur fyrir skaða leiðandi af fjárnámsneitaninni, að upphæð 150 kr., eða eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, Þorlákur Bergsveinsson, hefur á hinn bóginn krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Hinn stefndi mótmælir fjárnámsgjörðinni með þeim rökum, að veðskuldabrjefið 22. marz 1884, að svo miklu leyti það áhrærir umræddar eignir hans, sje eigi heimil að með umboðsskjalinu 22. febrúar 1884, er hann annars kannast við að hafa gefið út. Úrslit málsins eru því komin undir innihaldi umboðsskjalsins og sambljóðan veðskuldabrjefsins við það. Með hinu fyrnefnda skjalinu fól stefndi Eggert Gunnarssyni á hendur, að útvega peningalán fyrir hans (stefnda) hönd, það er að segja að útvega honum peningalán, og að útgefa og undirskrifa veðskuldabrjef fyrir hans (stefnda) hönd, sem sje í hans nafni og umboði; fyrir slíku láni var Eggert heimilt að veðsetja eignirnar. Skuldabrjefið 22. marz 1884 gaf Eggert út í sínu nafni og fyrir sína eigin hönd, og lánið tók hann fyrir sjálfan sig, eins og hann einnig skuldbatt sig til að endurborga það, en eigi Þorlák Bergsveinsson. Skuldabrjefið fer þannig út fyrir umboð það, er stefndi gaf Eggert Gunnarssyni, og þetta átti eigi að dyljast lánveitanda Stefáni Bjarnarsyni, sem hefur haft umboðsskjalið fyrir sjer, enda var hin fyllsta hvöt fyrir hann, að rannsaka nákvæmlega skjal þetta, þar sem umbjóðandi og eignirnar voru í öðrum landsfjórðungi.

Með því að hinn stefndi þannig eigi hefuf heimilað veðsetninguna, er skuldabryfið ekki bindandi fyrir hann, og verður því eigi gegn mótmælum hans gjört fjárnám fyrir skuld Eggerts eptir því í umgetnum eignum stefnda. Hinn áfrýjaða úrskurð ber því að staðfesta, og ber áfrýjandanum eptir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógatarjettar-úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Sigfús Bjarnarson, greiði hinum stefnda, Þorláki Bergsveinssyni, málskostnað fyrir yfirdómi með 25 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 18. aprílmán.

Nr. 15/1887.

Rjettvísinn
gegn

Sveinbirni Þorvarðarsyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, upp kveðnum 22. jan. þ. á., er hinn ákærði, Sveinbjörn Þorvarðarson, dæmdur fyrir fals eptir 270. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga, og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin máls-